

Þetta er rétt, svo langt sem það nær, fólk vil láta blekkjast, það er nokkurs konar tortímandi ástríða hjá fólki, sem ekki þorir að horfast í augu við raunveruleika umhverfisins, finna fegurð og ljótleika hans hríslast um tilfinningalíf sitt. Þetta er allt önnur aðferð en sú að koma á framfæri ferskum skilningi á almennum hlutum og fyrirbærum í umhverfinu, bregða nýju og óvæntu ljósi á gamalkunn viðfangsefni, eins og sagt er; „koma mönnum með klækjum listar til að hugsa og álykta sjálfir um mikilsverð efni“, í þessu tilviki á vettvangi sjónlista.

Sem betur fer er Sverrir ekki jafnan trúr þessum áður nefnda framslætti sínum, það sýna ýmsar teikningar hans, en teiknari hefur hann alltaf slyngur verið, svo og nokkur málverk í stóra salnum, hnitmiðaðar og ferskar í lit, og þær myndir blekkja vissulega engan með óbrennlaðar kenndir.

En vissulega er Sverrir aðdáunarverður meistari blekkinganna í flestum hinum nýrri mynda sinna, en ég segi fyrir mig, að ég hafna þessum skilningi á myndlist, þær höfða ekki til mín sem frjó átakamikil list, heldur sem ófreskt ferðalag inn á svið myndheimsins með „flínka hönd“ í malnum.

Teikningar Alfreðs Flóka í Bogasal

Alfreð Flóki hefur enn einu sinni lagt undir sig Bogasalinn og fyllt hann súrrealistískri furðuveröld sinni, dárur, drísildjöflum og hvers konar miðaldamagík, fögrum saklausum ungrúm með blygðunarlausu erótíska dagdrauma „upp á hvurn sinn fingur“, ellegar syndina og hamslausa ástina holdi klædda. Allt eru þetta „mótív“ sem við þekkjum frá fyrri sýningum Flóka, og er þessi sýning á ýmsan hátt lítt frábrugðin þeim, og vísa ég til þess, að ég hef tvisvar fjallað um fyrri sýningar hans. Konan og girndir hennar í umbúðalausum súrrealistískum ramma og súrrealistíski draumurinn eru mótív hans, og draumurinn er vissulega engin blekking, heldur hluti veruleikans. Flóki hefur jafnan bætt við sig tæknilega séð, en honum vildu fylgja ýmsir kækir og vanavinnubrögð, sem hann átti bersýnilega erfitt með að sigrast á. Það er þeim mun gleðilegra að uppgötva á þessari sýningu, að hann er á góðri leið með að yfirvinna þessa fylgju, og að myndheimur hans er orðinn heilsteypari og um leið ferskari, eins og hann hafi losað sig við þær víðjar þó þeirra sjái stað í sumum verkanna. Ég mundi því, persónulega, ekki mæla með neinu hliðarstökki af hálfu Flóka, heldur að hann haldi áfram að rækta sinn garð, en eins og ég hefi fyrr bent á, væri honum mikill akkur í því að hasla þessum myndheimi sínum völl í annarri tækni, svo sem málmeitingu, þurrnál og öðrum tegundum kopargrafík og jafnframt í steinbrykki.

Þrjár pennateikningar vöktu einkum athygli mína fyrir heilsteypa og magíska útfærslu, en það voru myndirnar „Dularfulla eggjakakan“ (14), „Hreiður“ (21) og „Sendiboði prinsessunnar“ (22), en allar eru þær heilli og áhrifaríkari en aðrar pennateikningar, sem ég hefi áður séð frá hans hendi. Þá er rauðkrítarmyndin „Dreymt andlit“ (34) einnig í þeim flokki.

Þrjónakonur – Hafnarfirði

Peysumóttaka okkar flutt að Blómvangi 5.
Móttaka er mánud. og miðvikud. milli kl. 3 — 5. Uppl. í síma 22091.

Álafoss h.f.

Reykvíkingar – Hafnarfirðingar


Um 500 fm. húsnæði er til leigu nú þegar í Hafnarfirði. Uppl. veitir Kristján Þór Kristjánsson í síma 99-6973 (Vestmannaeyjum). á mánudag og þriðjudag.

Vélsmiðjan Magni h.f.
Vestmannaeyjum.


ALLTAF FJÖLGAR VOLKSWAGEN

VOLKSWAGEN 1303

ÁRGERÐ 1974



Vandaður frágangur.




Stór og kúpt framrúða, frábært útsýni.




Þægilegir, stillanlegir framstólar.




Fersklofts- og hitunarkerfi.




Vandaður og kraftmikill bíll.




Fullkomnir fjöðrunareiginleikar.



Tölvustýrður bilanagreinir.



Stílhreint og fallegt mælaborð.



Gott farangursrými.

LÆKKAD VERÐ — FRÁ KR.: 422.100,—

Þægindi eiga ekki að vera forréttindi þeirra sem kaupa dýra bíla. Þess vegna er V.W. 1303 búinn öllum þeim kostum, sem gera aksturinn skemmtilegan og þægilegan.

Hinn frábæri fjöðrunarbúnaður, auðveldar akstur á holóttum og slæmum vegum, og veitir aukið öryggi.

Framstólana er hægt að stilla í 77 mismunandi stöður, — svo þér eigið að geta látið fara vel um yður.

Mælaborðið er stílhreint, fallegt, auðvelt aflestrar, og bólstrað eins og í dýrustu gerðum fólkubíla.

Kraftmikið fersklofts og hitunarkerfi, sem hægt er að stilla saman, eða nota hvort fyrir sig. Fjölmargar stillingar á báðum kerfunum tryggja hreinar rúður og óhindrað útsýni.

Hituð afturrúða. Óbrjótanlegt gler í framrúðu — laminated — Stórt Farangursrými, — að framan og aftan er það næstum 400 lítra.

V.W. 1303 er ódýr bíll í innkaupi og hagkvæmur í rekstri. — V.W. þjónusta, er örugg þjónusta.



HEKLA H.F.

Laugavegi 170—172 — Sími 21240.